

Garðabær,
19. janúar 2024

b.t. Guðjóns E. Friðrikssonar og Kára Jónssonar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Nafn styrktaraðila á Mýrina

UMF Stjarnan óskar með erindi þessu eftir leyfi fyrir að nefna Mýrina nafni styrktaraðila handknattleiksdeildar.

Aðalstyrktaraðili handknattleiksdeildar TM ákvað fyrir leiktímabilið 2023/2024 að slíta samstarfi við deildina og gaf þess vegna frá sér nafnið á Mýrinni sem hefur verið nefnd TM höllin undanfarin ár.

Rekstur afreksdeilda félagsins verður sífellt erfiðari og kostar umtalsvert fjármagn. Þess vegna er styrktarsamningur sem þessi gríðarlega mikilvægur fyrir meistaraflokka handknattleiksdeildar.

Handknattleiksdeild Stjörnnunar hefur gert samning með fyrirvara um leyfi frá Garðabæ að nefna Mýrina í höfuðið á bílaumboðinu Heklu hf. Vörumerki Heklu hf. munu vera áberandi bæði innan- og utanhúss ásamt því að vera á búningum handknattleiksdeildar.

Með erindi þessu óskar félagið eftir formlegu samþykki Garðabæjar að Mýrin verði nefnd Heklu höllin.

Virðingarfyllst,
f.h. UMF Stjörnnunar
Baldvin Sturluson, framkv.stjóri UMF Stjörnnunar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026